

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið
Skuggasundi 1
101 Reykjavík

Húnaþing vestra, 5. nóvember 2025

Efni: Umsögn stjórnar SSNV um frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda (móttaka úrgangs í höfnum). Mál nr. 179/2025.

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) hefur farið yfir frumvarp til laga um breytingu á lögum um varnir gegn mengun hafs og stranda sem m.a. felur í sér breytingar á skilgreiningum hugtaka, skyldu hafnarstjórna til að gera áætlun um móttöku úrgangs og farmleifa, og útvíkkun gjaldskyldu til fleiri skipa. Stjórn SSNV tekur undir umsögn Hafnarsambands Íslands og telur mikilvægt að ábendingar sambandsins verði teknar til skoðunar áður en frumvarpið verður afgreitt.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hafnarstjórnir geri sérstaka áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa. Stjórn SSNV bendir á að sveitarfélög hafa nú þegar lagaskyldu samkvæmt 6. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs til að semja svæðisáætlanir sem endurskoðaðar eru reglulega. Ekki verður séð hvernig þessar tvær skyldur tengjast né hvort ný áætlun hafna komi í stað eða ofan á núverandi svæðisáætlanir sveitarfélaga. Mikilvægt er að tryggja að ábyrgð og skyldur sveitarfélaga og hafna í úrgangsmálum verði skýrar, einfaldar og samræmdar.

Í frumvarpinu er einnig lagt til að gjaldskylda nái til fleiri skipa, þar á meðal fiskiskipa og minni skemmtibáta. Slík breyting hefur áhrif á gjaldskrár hafna og getur haft ófyrirséðar afleiðingar fyrir rekstur þeirra, sérstaklega smærri hafna á landsbyggðinni. Stjórn SSNV tekur undir ábendingar Hafnarsambandsins um að skýra þurfi hvort sérreglur muni áfram gilda um þessa flokka skipa og leggur áherslu á að tryggt verði jafnræði og sanngirni í gjaldtöku án þess að skapa aukið skrifræði eða rekstraróvissu.

Jafnframt tekur stjórn SSNV undir þá afstöðu Hafnarsambandsins að nauðsynlegt sé að fara í heildarendurskoðun hafnalaga, enda hefur 17. gr. þeirra verið breytt ítrekað og endurspeglar ekki lengur núverandi starfsskilyrði hafna. Þá bendir stjórn SSNV á að ekki hafi verið tekið nægilegt tillit til þess tíma sem þarf til að innleiða breytingarnar sem frumvarpið felur í sér. Mikilvægt er að tryggja skilvirka innleiðingu, að núverandi kerfi nýtist áfram og að hafnir fái nægan aðlögunartíma til að breyta gjaldskrá og ferlum, þar á meðal rafrænum lausnum. Einnig þarf að leggja mat á kostnað sem hlýst af tæknilegum breytingum og mögulegum áhrifum á ríkissjóð.

Óljóst er hvort öll skip sem frumvarpið tekur til geti í reynd uppfyllt upplýsingaskyldu í gegnum SafeSeaNet, sérstaklega minni skemmtibátar sem fara í stuttar ferðir. Tryggja þarf að nýjar kröfur séu raunhæfar og framkvæmanlegar miðað við getu og umfang einstakra hafna og notenda þeirra. Þá tekur stjórn SSNV undir fyrri ábendingar Hafnarsambandsins

um að skýrt þurfi að afmarka ábyrgð hafna gagnvart úrgangi sem fellur undir framlengda framleiðendaábyrgð, svo sem veiðarfærum. Slíkur úrgangur ætti að vera á ábyrgð þeirra aðila sem bera framleiðendaábyrgð en ekki á höndum hafna, enda eru hafnir nú þegar með víðtækar skyldur varðandi móttöku og meðhöndlun annarra úrgangsflokka.

Stjórn SSNV leggur því áherslu á að við endanlega afgreiðslu frumvarpsins verði tryggt að ábyrgð hafna og sveitarfélaga sé skýrt afmörkuð og samræmd við aðra löggjöf á sviði úrgangsmála, að tekið verði tillit til raunhæfs innleiðingartíma og kostnaðar við aðlögun, að áhrif á rekstur smærri hafna á landsbyggðinni verði metin og að ráðist verði í heildarendurskoðun hafnalaga til að samræma núverandi lagaumhverfi að breyttum forsendum og þróun í hafnamálum. Stjórn SSNV styður þannig framkomna umsögn Hafnarsambands Íslands og telur að tillögur sambandsins séu mikilvægar til að tryggja skilvirka, skýra og framkvæmanlega löggjöf á þessu sviði.

F. h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra



Sveinbjörg/Rut Pétursdóttir,
Framkvæmdastjóri